

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

7. tbl. • Júlí 2001



Ný uppbygging - ný ásýnd

Nýir ISO 9000 staðlar komnir í íslenskri þýðingu

Fáir staðlar hafa meiri útbreiðslu í heiminum og áhrif á gæðastjórnun fyrirtækja en ISO 9000. Ný útgáfa af stöðlunum kom út í Evrópu fyrir stuttu síðan og ríkir þar almenn ánægja með þá. Á vegum Staðlaráðs Íslands er nú lokið þýðingu nýju ISO 9000 staðlanna á Íslandi en það er fagstjórn í gæðamálum sem hefur haft veg og vanda að henni.

Þess er vænst að nýja útgáfan verði mjög til bóta fyrir núverandi notendur sem og þau fjölmörgu fyrirtæki sem hafa verið

að bíða eftir nýju stöðlunum. Uppbygging og framsetning nýju ISO staðlanna er gjörbreytt og í heild er nýja útgáfan mun notendavænni og aðgengilegri en fyrri útgáfur. Þau fyrirtæki sem hafa komið sér upp vottuðu gæðakerfi samkvæmt eldri ISO útgáfum þurfa þó ekki að örvænta því innihald þeirra þátta sem áður voru inni hefur lítið breyst. Auk þess er þeim boðin þriggja ára aðlögunartími á nýju útgáfunni. Allir ættu því að geta látið hendur standa fram úr ermum við innleiðingu nýju ISO staðlanna í gæðakerfi fyrirtækisins.

Framhald á bls. 6.

Meðal efnis:

Erlend lán eða áhættufé?

Ritstjórnargrein

2



Krísustjórnun

Viðbragðsáætlun skiptir sköpum

4



Íslenskir frumkvöðlar

8



Ný neytendavæn lög um þjónustukaup

11



TAXTI II

Ný og endurbætt útgáfa

11



Sumarleyfi Samtaka

iðnaðarins

23. júlí til 10. ágúst

Meirihluti starfsmanna verður í sumarleyfi dagana 23. júlí til 10. ágúst nk. að báðum dögum meðtöldum. Þjónusta verður því skert þessa daga svo og uppfærsla vefsetursins si.is

Erlend lán eða áhættufé

Æ fleiri hafa að undanförmu tekið undir með þeim sem telja að háir vextir og veik staða íslensku krónunnar sé orðin íslenskum fyrirtækjum og fjölskyldum slíkur myllusteinn um háls að vart verði við unað. Þarna hafa menn á borð við Hörð Arnarson í Marel og Þorgeir Baldursson í Odda tjáð sig opinberlega með mjög skýrum hætti svo að eftir hefur verið tekið.

EKKI TIL AÐ TALA UM

Þeir sem ekki vilja ræða málin hafa svo sem látið í sér heyra líka. Nokkrir hafa opinberlega lýst hneykslan sinni yfir því að þessi mál skuli yfirleitt vera rædd. Í leiðara dagblaðs var nýlega fjallað um illa ígrundaða aðför að veikburða gjaldmiðli. Í sama streng hefur þekktur verðbréfamiðlari tekið og er helst á honum að skilja að umræðan innan iðnaðarinnar hafi valdið falli krónunnar. Vandinn er því miður meiri en svo að við í iðnaðinum getum leyst hann með því einu að þegja þunnu hljóði.

HAGFRÆÐILEG ÚTTEKT

Íslendingar eru ekki í Evrópusambandinu. Upptaka evrunnar er því hvorki áhlaupaverk né skammtímalausn. Þetta er

vissulega rétt en á móti má spyrja hvort ekki sé tímabært að gera á því vandaða og hlutlaus hagfræðiúttekt hvort aðild að ESB og upptaka evrunnar sé okkur hagkvæm eða ekki. Úttekt utanríkisráðuneytisins á stöðu okkar í Evrópu hefur leitt í ljós að við myndum greiða meira til ESB en við myndum fá á móti í formi styrkja en það er margt fleira sem hér skiptir máli og vegur raunar margfalt þyngra.

ERLENT FJÁRMAGN:

LÁN EN EKKI FJÁRFESTING

Við höfum að sönnu fengið mikið af erlendu fjármagni inn í landið undanfarnar ár en það er nær allt í formi lánsfjár. Á sama tíma höfum við fjárfest mikið í hlutabréfum erlendis. Reynslan sýnir að erlendir fjárfestar eru að óbreyttu tregir til að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Erfitt eða ógerlegt er sennilega að meta þau áhrif, sem það hefur á gerð kjarasamninga, að við erum að semja í mynt sem á sér langa sögu verðbólgu og gengisfellinga. Allir, sem til þekkja, vita þó að áralöng reynsla af verðbólgu og óstöðugleika gengis hefur ýtt undir launahækkunar hér á landi umfram það sem innstæða er fyrir.

VEXTIRNIR VEGA ÞYNGST

Í opinni og óheftri samkeppni er stöðugleiki forsenda hagvaxtar. Þau rök að hagsveiflur hér á landi séu í öðrum takti en hjá nágrannalöndunum og við þurfum þess vegna að stjórna sjálf okkar peningamálum, eru ekki trúverðug. Það sýnir reynslan undanfarnar vikur og mánuði. Flestir eru farnir að sjá að veikur gjaldmiðill okkar er undirrot efnahagsvanda og gengissveiflna en ekki tæki til að bregðast við honum. Allar götur frá 1994 hefur munur á vöxtum hér á landi og í evru - löndum farið vaxandi. Engin úttekt hefur verið gerð á því hversu háir sá reikningur er sem íslensk fyrirtæki og heimili þurfa að greiða á hverju ári umfram það sem vera þyrfti ef við værum með evru í stað krónunnar. Þó er auðséð að það eru tugir milljarða á ári. Þá er ótalinn umsýslu- og yfir-

færslukostnaður sem þeir losna við sem eru hluti af stærra mynsvæði.

TVÆR LEIÐIR

Við þurfum vandaða hagfræðilega úttekt á öllum þessum atriðum og á grundvelli hennar þurfum við að ákveða stefnuna í Evrópumálum. Ef við eigum langa og erfiða leið fyrir höndum er vænlegast að marka tafarlaust stefnuna og ferðubúast sem fyrst. Hin leiðin er sú að gera ekkert en bíða bara og sjá hvað aðrir ætla að gera. Það er ekki vænlegur kostur, þó við getum á meðan árin líða, ornað okkur við drauma um að Ísland verði í framtíðinni alþjóðleg fríhöfn og fjármálamiðstöð. Það verða bara draumar.

MIKILVÆGT INNLEGG

Eitt mikilvægasta innleggið í þessa umræðu að undanförmu kom nýlega frá Halldóri Ásgrímssyni, utanríkisráðherra, sem hittir naglann á höfuðið þar sem haft er eftir honum í Fréttablaðinu: „Það er afskaplega sláandi hvað mikið fjármagn hefur farið úr landi og lítið sem ekkert komið inn í landið.“ Hann bendir réttilega á að gengissveiflurnar geri fyrirtækjunum erfitt fyrir auk þess sem þær hamli gegn erlendra fjárfestingu. Í viðtalinu leggur Halldór höfuðáherslu á að efla útflutningsframleiðslu og skapa skilyrði fyrir hagvöxt. Hann segir ólíklegt að raunhæfur möguleiki sé að fá undanþágu til að taka upp evru án inngöngu í ESB en umræða um slíkt hafi hins vegar farið fram sérstaklega hjá Norðmönnum. „Það er eitt af því sem sjálfsagt er að ræða í tengslum við þróun EES - samningsins“, segir Halldór í þessu sama viðtali.

Þetta eru orð í tíma töluð.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
07. tbl. Júlí 2001
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 03.7. 2001
Prentvinnsla: Prentækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.
Ljósmyndir: Ýmsir

Útgefandi: Samtök iðnaðarinnar
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail:thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórar: Þóra Ólafsdóttir og Þóra Kristín Jónsdóttir sem er jafnframt málfráðunautur.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Samstarf Verkfræðideildar Háskóla Íslands og Samtaka íslenskra hugbúnaðarfirmatækja

Verkfræðideild Háskóla Íslands og Samtök íslenskra hugbúnaðarfirmatækja (SÍH) undirrituðu nýlega sérstakan samstarfssamning. Markmið samningsins er að efla kennslu og auka gæði náms í hugbúnaðarverkfræði- og tölvunarfræðum við verkfræðideild. Valdimar K. Jónsson, forseti verkfræðideildar, og Páll Skúlason, rektor, undirrita samninginn fyrir hönd Háskóla Íslands en þeir Ingvar Kristinsson, formaður Samtaka íslenskra hugbúnaðarfirmatækja, og Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, undirrituðu samninginn fyrir hönd SÍH.



F.v. Ingvar Kristinsson formaður SÍH, Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri SI, Páll, Skúlason, rektor og Valdimar K. Jónsson, forseti verkfræðideildar HÍ

Samningurinn er gerður að frumkvæði SENATS verkfræðideildar Háskóla Íslands sem hefur það að markmiði að fylgjast með og styðja starf deildarinnar.

Samningurinn er fölginn í að fyrirtæki innan Samtaka íslenskra hugbúnaðarfirmatækja útvega sérfræðinga á sviði tölvu- og upplýsingatekni sem munu halda fyrirlestra eða námskeið í völdum áföngum innan verkfræðideildar. Einnig láta fyrirtækin í té hugbúnað og aðrar tæknilausnir á sviði tölvu- og upplýsingatekni sem geta

nýst við kennslu innan verkfræðideildar.

Hins vegar veitir verkfræðideildin Samtökum íslenskra hugbúnaðarfirmatækja hlutdeild í ákvörðunum sem teknar eru varðandi uppbyggingu og þróun náms í tölvunarfræðum innan deildarinnar þar eð aðjúnktar, sem verða ráðnir til verkfræðideildar á grundvelli tillagna stjórnar SÍH, hafa setu- og atkvæðisrétt á skorfundum í

tölvunarskor verkfræðideildar.

Samkomulagið verður endurskoðað í lok næsta skólaárs m.a. með tilliti til þess að samstarfið taki hugsanlega til fleiri fræðasviða innan verkfræðideildar en tölvunar- og hugbúnaðarfræða.

Guðmundur Ásmundsson


Ráðningarsamningar fyrir starfsmenn upplýsingatekni-fyrirtækja

Á vegum Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins hefur um nokkurt skeið verið unnið að gerð ráðningarsamnings sem nýst getur sem fyrirmynd við gerð ráðningarsamninga við starfsmenn sem standa fyrir utan hefðbundna kjarasamninga og eru í mörgum tilvikum ekki aðilar að stéttarfélagum.

Nokkrar útfærslur hafa verið gerðar af samningnum bæði fyrir almenna starfsmenn, framkvæmdastjóra og aðra

stjórnendur. Einnig hafa verið gerðar fyrirmyndir að samkomulagi vegna vinnu starfsmanna erlendis, samkomulagi vegna greiðslu námskostnaðar og fyrirmynd að kaupréttaráætlun og kaupréttarsamningi vegna valréttar um kaup á hlutabréfum.

Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Stefánsdóttir (hrafnhildur.stefansdottir@sa.is) hjá SA og



Guðmundur Ásmundsson (gudmundur@si.is) hjá SI en stefnt er að kynna samningana og þjónustu við innleiðingu frekar í haust.

Er fyrirtæki þitt viðbúið áföllum?

Viðbragðsáætlun skiptir sköpum

Flest fyrirtæki eiga yfir höfði sér að upp komi óvæntir atburðir eða röð atburða sem geta skaðað ímynd þeirra eða valdið þeim fjárhagslegu tjóni og nægir að fylgjast með fréttum til að sannreyna það. Algengt er að fyrirtæki hunsí vísbendingar um að vandi sé yfirvofandi þótt hann hafi jafnvel verið lengi á vitorði tiltekinna starfsmanna eða stjórnenda fyrirtækisins. Um þetta eru fjölmörg dæmi bæði hér á landi og erlendis. Vandinn snýst sem sagt ekki lengur um það hvort óveðrið skellur á heldur hvenær, af hvaða tagi og með hvaða hætti.

Samtök iðnaðarins töldu þarft að vekja athygli á málinu og efndu því nýlega til opins félagsfundar sem var vel sóttur. Þar fjallaði Áslaug Pálsdóttir, ráðgjafi í almannatengslum hjá Inntaki um það sem hún nefndi Krísustjórnun og fjölmiðlun: Ert þú viðbúin(n)? en hún hefur haldið námskeið um það efni í ýmsum fyrirtækjum að undanförmu. Áslaug lauk nýlega meistara-gráðu í almannatengslum við Boston University College of Communication og fjallaði lokaritgerð hennar um „Crisis Management & Communication.“ Markmiðið Samtakanna var að kynna félagsmönnum sínum hvað felst í krísustjórnun og með hvaða hætti samskiptum við fjölmiðla og aðra hlutað-eigendur skuli háttáð þegar fyrirtæki þeirra lenda í vanda af einhverju tagi. Markmið slíkrar stjórnunar er að hindra að óvæntur atburður leiði til krísuástands sem atburður eða röð atburða sem skaðað geta ímynd fyrirtækis eða vörumerkja þess og/eða valdið því fjárhagslegu tjóni.



ÁFÖLL AF TVENNUM TOGA

Áföll í fyrirtækjum geta verið að margvíslegum toga en Áslaug sagði m.a. að þeim mætti skipta í tvo flokka. Annars vegar eru þau sem krauma undir en hins vegar þau óvæntu. Hin fyrrnefndu stafa af



alvarlegum vandræðum af viðskiptalegs eðlis. Þau eru yfirleitt ekki á vitorði allra í fyrirtækinu en geta leitt til neikvæðrar umfjöllunar í fjölmiðlum verði þau „opinber.“ Dæmi um krísu, sem kraumar undir, er slök afkoma fyrirtækis, galli í framleiðslu hópuppsagnir eða að fjölmiðlar komast á snodir um ólöglegt eða siðlaust athæfi. Í þessu samhengi er stjórnendum hollt að hafa í huga að slæmar fréttir ferðast hægt upp á við innan fyrirtækja. Áslaug skýrði frá því að atburðum, sem valda viðskiptaháttum fyrirtækis hættu, væri gjarnan líkt við hjartaáfall. Þeir dynja yfir án nokkurs fyrirvara og eru líklegir til að vekja slíka athygli fjölmiðla að sé ekki brugðist rétt við kunna þeir að valda fyrirtækinu og eigendum þess miklu tjóni. Um slíkt eru nærtæk dæmi svo sem jarðskjálftar, hrun í tölvukerfi, eldsvoðar, umhverfisslys og matareitrun.

SKJÓT OG RÉTT VIÐBRÖGÐ

Óvæntir atburðir gera ekki boð á undan sér. Þeim fylgir mikil óvissa og naumur tími. Áslaug sagði að erfitt geti reynst koma í veg fyrir að fyrirtæki verði fyrir áföllum. Hins vegar megi hafa talsverða stjórn á því hvernig tekist er á við þau og þegar öllu er á botninn hvolft skipti viðbrögðin mestu máli. Markmið svonefndrar krísustjórnunar er að draga eins mikið úr áfalli og frekast er unnt með því að bregðast skjótt og rétt við, standa vörð um orðspor fyrirtækisins, koma sjónarmiðum þess á framfæri og að draga eins og kostur er úr eignatjóni og röskun á viðskiptum. Því fyrr sem brugðist er við því betra.

Viðbragðsáætlun er því mikilvægur þátt-

ur í viðskiptaáætlun fyrirtækisins og heildarstefnu þess og meta þarf hvaða þættir í rekstri fyrirtækisins eru viðkvæmir fyrir áföllum? Það fyrirtæki, sem hefur slíka viðbragðsáætlun til taks, bregst skjótar við og stendur betur að vígi en en ella þegar vanda ber að höndum. Stjórnendur fyrirtækis eru undir miklu álagi þegar slíkt gerist og því er nauðsynlegt að koma á fót krísuteymi og skipa því talsmann eða talsmenn? Markmiðið er að bregðast skjótt við, koma upplýsingum til skila til allra, sem málið varðar, á sem skemmstum tíma og hafa í huga að vandamál batna ekki með aldrinum.

AUKIN UPPLÝSINGASKYLDA FYRIRTÆKJA

Þegar óvæntir atburðir verða eru árangursrík boðskipti nauðsynlegur þáttur í árangursríkri stjórnun. Fyrsta skrefið er að staðfesta í hverju vandinn er fólgin og horfast í augu við hann. Stjórnendur þurfa að vera við því búnir að svara; hvar, hverjir, hvernig, hvenær og hvers vegna.

Við lifum á tímum hraða og aukins upplýsingaflæðis og fylgst er mun betur með starfsemi fyrirtækja og stofnana en áður tíðkaðist. Fjölmörgum opinberum fyrirtækjum sem og fyrirtækjum í einkaeign hefur verið breytt í hlutafélag með það fyrir augum að einkavæða þau og skrá þau á verðbréfamarkað. Fjölmiðlar eru átíð á verði og fréttir eða spurnir af hvers kyns vandkvæðum eða áföllum berast um allar jarðir á svipstundu. Þess vegna er fyrirtækjum nú brýnna en nokkru sinni fyrr að standa vörð um ímynd sína, orðspor og trúverðugleika. Einn liður í því er gott upplýsingaflæði. Fyrirtækið verður að

koma fyrir sjónir sem ábyrgðarfullt og bera hag viðskiptavina sinna og annarra hlutað-eigenda fyrir brjósti. Það fyrirtæki, sem er vel undir erfiðar aðstæður búið, nýtur góðs af því þegar á reynir.

HAGSMUNIR ALMENNINGS Í FYRIRRÚMI

Gera þarf almenningi ljóst að fyrirtækið geri allt sem í þess valdi stendur til að leysa vanda sem upp kemur og grafast fyrir um orsakir hans. Miklu skiptir að talsmaður fyrirtækisins sé vel máli farinn, hreinskilinn

í samskiptum sínum við fjölmiðla og hliðri sér ekki hjá að svara erfiðum spurningum því að það getur dregið enn stærri dilk á eftir sér. Síðast en ekki síst ætti hann að setja hagsmuni almennings ofar en fyrirtækisins, votta samúð og sýna hluttekningu ef slyshafa átt sér stað og viðurkenna mistök ef gerð hafa verið og biðjast velvirðingar á þeim.

Góð viðbragðsáætlun er besta vörnin gegn áföllum. Hún er samskiptateki fyrirtækisins við hluteigendur s.s. viðskiptavini,

starfsmenn, fjárfesta og fjölmiðla. Sé rétt að málum staðið getur óvæntur atburður gefið fyrirtæki tækifæri til að sýna styrk sinn og koma starfsemi sinni og markmiðum á framfæri. Eins og áður sagði er það í valdi fyrirtækisins að stjórna því hvernig brugðist er við óvæntum atburðum og því fyrir sem það gerist því líklegra er að vel takist til.

Bóra Kristín Jónsdóttir

Nýir félagsmenn SI frá áramótum

Frá áramótum hafa 17 fyrirtæki gengið í Samtök iðnaðarins. Þar á meðal eru 6 byggingafyrirtæki og 6 í hugbúnaðargerð. Samtökin bjóða þá velkomna í sínar raðir. Hinir nýju félagsmenn eru:

Trésmiðja Þráins Gíslasonar sf.

Vesturgötu 14
300 Akranesi
Starfsemi: Bygging íbúðarhúsa, rekstur trésmiðu og alhliða trémíðaþjónusta

Form.is ehf.

Skútuvogi 1d
104 Reykjavík
Starfsemi: Netþjónusta, gagnavinnsla, og örugg miðlun rafrænna umsókna til fyrirtækja og opinberra aðila
Vefsetur: www.form.is

Landmat international ehf.

Skaftahlíð 24
105 Reykjavík
Starfsemi: Hugbúnaðargerð og gagnavinnsla

Memphis ehf.

Strandgötu 75
220 Hafnarfirði
Starfsemi: Hugbúnaðargerð
Vefsetur: www.memphis.is

Hrímgull sf.

Klöpp
320 Reykholt
Starfsemi: Innflutningur og byggingastarfsemi

Trésmiðjaþjónusta Grétars ehf.

Fornastekki 10
109 Reykjavík
Starfsemi: Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð

Auðkenni hf.

Síðumúla 35
108 Reykjavík
Starfsemi: Útgáfa rafrænna skilríkja, rekstur vottunarstöðvar og ráðgjöf
Vefsetur: www.audkenni.is

Kexsmiðjan ehf.

Hvannavöllum 12
600 Akureyri
Starfsemi: Kex - og kökuframleiðsla

Stoðverk ehf.

Borgarhrauni 30
810 Hveragerði
Starfsemi: Húsasmíði og önnur mannvirkjagerð

Tempa hf.

Kaplahrauni 2 - 4
200 Hafnarfirði
Starfsemi: Framleiðsla umbúða og húseinangrunarefnis úr frauðplasti

Grillíð sf.

Hólshrauni 5a
220 Hafnarfirði
Starfsemi: Veitingarekstur og salatgerð

Heilsukostur ehf.

Austurmörk 20 A
810 Hveragerði
Starfsemi: Matvælaframleiðsla

SR-Stuttmyndadagar í Reykjavík ehf.

Hverfisgötu 46
101 Reykjavík
Starfsemi: Kvikmyndagerð og skyld útgáfustarfsemi

G.H. hönnun ehf.

Skipholti 21
105 Reykjavík
Starfsemi: Auglýsingagerð og vefsmíði
Vefsetur: www.gh.is

Net-Album.net hf.

Þverholti 2
270 Mosfellsbæ
Starfsemi: Gerð og sala hugbúnaðar
Vefsetur: www.net-album.net

Vesturval ehf.

Mjöllnisholti 14
105 Reykjavík
Starfsemi: Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð

Þ.G. verktakar ehf.

Vættaborgir 20
112 Reykjavík
Starfsemi: Mannvirkjagerð í verktöku og bygging íbúðarhúsnaðis

Jón Hlíðdal ehf.

Reynivöllum 3
700 Egilsstöðum
Starfsemi: Jarðvinnuverk

Frambald af forsiðu

Nýir ISO 9000 staðlar í íslenskri þýðingu


Ný ISO 9000 staðlaröð var samþykkt í desember á síðasta ári. Mikil vinna hefur verið lögð í íslenska þýðingu sem verið hefur í smíðum frá þeim tíma og kemur út staðfest sem íslenskur staðall 30. júní.

Vinna við nýja útgáfu á ISO 9000:2000 staðlaröðinni hefur verið í gangi allt frá því að síðasta útgáfa kom út árið 1994. Fáir staðlar hafa haft meiri útbreiðslu og áhrif á fyrirtækjarekstur í heiminum en ISO 9000 en umræðan um endurbætur og nýja útgáfu hefur verið stöðug allan síðasta áratug.

Margar góðar hugmyndir um þróun þeirra hafa komið fram, en helstu gagnrýni á síðustu útgáfu má draga saman í eftirfarandi 6 atriði:

1. Of mikil áhersla á skjalfestingu, fremur en árangur.
2. Of lítil og óskilgreind áhersla á ánægju viðskiptavina og umbætur.
3. Staðlarnir taka of mikið mið af framleiðslustarfsemi einni og sér í stað þess að taka á fleiri þáttum, meðal annars þjónustustarfsemi.
4. Uppbygging og skipulag staðlanna of flókið og ekki í takt við eðli rekstrarins.
5. Of margir staðlar í staðlaröðinni.
6. Of miklar endurtekingar og ósamræmi við aðra stjórnumarstaðla (ISO 14001).

Í nýju útgáfunni er tekið á öllum framangreindum þáttum og leitast við að laga þá að þörfum og ábendingum þúsunda fyrirtækja um allan heim. Það er Alþjóð-



Mýnd-1 Líkan af gæðastjórnunarkerfi sem byggist á ferlisnálgun

legu staðlasamtökin ISO sem stendur að útgáfu þessara staðla alþjóðlega, en Staðlaráð hefur fyrir hönd Íslands fylgst náið með framvindu mála og stendur að útgáfu íslensku þýðingarinnar. Í Evrópu ríkir almenn ánægja með útgáfu staðlanna og væntingar um að þessi nýja útgáfa verði mjög til bóta.

NÝJA ISO 9000 STAÐLARÖÐIN

Nýja ISO 9000 staðlaröðin samanstendur af fjórum kjarnastöðlum sem koma í stað mun fleiri staðla sem áður tilheyrðu

ÍST EN ISO 9001: 2000
Gæðastjórnunarkerfi - kröfur
 Hægt að volta gæðakerfi samkvæmt staðlinum.
 Kemur í stað ISO 9001, 9002 og 9003.

ÍST EN ISO 9004: 2000
Leiðbeiningar um bættu frammistöðu
 Ekki voltað samkvæmt staðlinum.
 Kemur í stað ISO 9004-1.

ÍST EN ISO 9000: 2000
Grunnatrúði og útdásafn.
 Kemur í stað ISO 8402.

ISO 19011
Leiðbeiningar um úttekt á gæða- og umbverfisstjórnunarkerfum.
 Kemur í stað 5 úttektarstaðla úr 9000 og 14000 flokknum.

staðlaröðinni. Einn staðallinn, ISO 19011, er þó enn á frumvarpsstigi:

NÝ UPPBYGGING - NÝ ÁSÝND

Uppbygging og framsetning ISO 9001

er gjörbreytt, en fyrirtæki sem þegar hafa komið sér upp gæðakerfum samkvæmt eldri útgáfunni þurfa ekki að örvænta, því innihald þeirra þátta sem áður voru inni hefur lítið breyst. **Mynd-1** sýnir nýju uppbygginguna, en meginbreytingin er sú að í stað 20 kafla, sem áður voru settir fram í nokkuð tilviljanakenndri röð, eru nú aðeins fimm kaflar þar sem gott skipulag er á hlutunum og samhengi við almennan rekstur fyrirtækja og stofnana.

HELSTU NÝJUNGAR

Meðal helstu breytinga í nýju útgáfunni má telja mun meiri áherslu á kerfisbundið mat á ánægju viðskiptavina, skýrari kröfur um að fyrirtækið hafi yfirsýn yfir og uppfylli öll lög og reglugerðir sem að starfsemi þess snúa. Auk þess er lögð mun meiri áhersla á virkt umbótastarf í allri starfsemi fyrirtækisins. Þá gert meira úr vöru- og þjónustuþróunarferlum en var í fyrri útgáfu. Í heild er nýja útgáfan mun notendavænni og aðgengilegri en fyrri útgáfur.

Fyrir þau fyrirtæki sem fengið hafa vottun samkvæmt fyrri útgáfu er almennt rætt um þriggja ára aðlögunartíma. Fyrir fyrirtæki sem hafa verið að bíða eftir nýju útgáfunni er biðin á enda. Allir eiga því að geta látið hendur standa fram úr ermum.

Nánari upplýsingar um ISO staðlana veitir: Staðlaráð Íslands, Laugavegi 178 105 Reykjavík, sími 520 715, fax 520 7171. Veffang: www.stadlar.is

Davíð Líðvíksson.

Höfundur er forstöðumaður hjá SI og vinnur meðal annars á sviði gæðastjórnunar.

Víðtæk samvinna SA og ASÍ í menntamálum

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa skilað starfsmenntaráði skýrslu um samstarf aðila vinnu- markaðarins um menntamál. Tilgangur skýrslunnar er að gefa yfirlit um sameiginlegar áherslur og verkefni aðila vinnu- markaðarins í menntamálum og að gera tillögur að aukinni samvinnu í þessum málaflokki.

Hér á landi á sér stað samvinna og samráð milli aðila vinnu- markaðarins um ýmis mál. Sérstaklega er hún blómleg á sviði menntamála og er þá ýmist með eða án þátttöku stjórnvalda.

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands telja að lykkillinn að því að hægt sé með markvissum hætti að þoka góðum málum áfram sé sá að atvinnurekendum og launafólki takist að skilgreina sameiginleg markmið og ná sátt um sameiginlegar aðgerðir til að ná þessum markmiðum.

Til þess að nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru til að þoka áfram hagsmunamálum ólíkra aðila, er nauðsynlegt að þeir vinni að því að skilgreina sameiginlega hagsmuni. Í því sambandi er mikilvægt að hafa á hverjum tíma handbært yfirlit um samstarf aðila vinnu- markaðarins sem nýtist við frekari þróun samstarfsins.

SAMEIGINLEGUR GRUNNUR

ÞRÁTT FYRIR SKOÐANAMUN

Í skýrslunni er greint frá samstarfi í fræðslustofnunum iðnaðarins, í opinberu samstarfi (t.d. starfsmenntaráði), innan Menntar og um málefni ófaglerða (Starfsafl og Landsmenn). Greint er frá samvinnu aðila vinnu- markaðarins og háskóla- stigins, m.a. um ýmis Evrópuverkefni. Þetta víðamikla samstarf hefur ekki byggst upp á einni nóttu. Mismunandi áherslur atvinnurekenda og launafólks hafa valdið því að þurft hefur að gera margar atrennur að góðum málum áður en þau komust í framkvæmd. En þrátt fyrir skoðanamun hefur samstarfið byggst á tiltekinni sameiginlegri sýn sem þróast hefur á undanförunum árum og er í frekari þróun.

ÓLÍKAR ÁHERSLUR AÐILA

VINNUMARKAÐARINS

Um sum atriði næst illa sátt þar sem hagsmunir eru gagnólkir. Miklu fleiri eru

þau atriði sem aðilar standa saman um og / eða gætu náð saman um. Í stuttu máli eru aðilar vinnu- markaðarins sammála um að nýta menntun til að treysta stöðu starfsmanna og fyrirtækja. Aukin menntun og þjálfun leiðir m.a. eftirfarandi af sér:

- Treystir stöðu starfsfólks á vinnu- markaði
- Eykur verðmæti starfsfólks
- Eykur gæði og verðmæti framleiddrar vöru
- Eflir samkeppnishæfni fyrirtækja, atvinnugreina og þjóða

SAMEIGINLEG VERKEFNI -

ÁVINNINGUR MARGRA

Sameiginlegur skilningur aðila vinnu- markaðarins á mikilvægi menntunar í atvinnulífinu hefur dafnað í skjóli vissunnar um ábata beggja aðila af samstarfi í þessum málaflokki. Ljóst er að samstarfið hefur vaxið hratt og er víðamikild. Möguleikar á hagræðingu hér á landi eru því miklir.

Sameiginlegt verkefni aðila vinnu- markaðarins á sviði menntamála ætti að vera eftirfarandi:

- Að tala skýrar einni röddu um sameiginleg hagsmunamál atvinnurekenda og launafólks í menntamálum, bæði gagnvart íslenskum stjórnvöldum og í Evrópusamstarfi.
- Að kanna möguleika á að auka formlegt samstarf félaga og stofnana í atvinnulífinu um sameiginleg markmið. Til

greina kemur að sameina félög og samstarf með sameiginleg markmið.

- Að nýta sameiginleg tækifæri atvinnurekenda og launafólks í samstarfi atvinnulífs og skóla.
- Að bjóða í auknum mæli þekkingu og þjónustu atvinnulífsins til að leysa af hendi lögbundin verkefni stjórnvalda á sviði menntamála. (Atvinnulífið þjóni stjórnvöldum.)
- Að kanna möguleika á að nýta opinbera skólakerfið til að þjóna menntahagsmunum atvinnulífsins. (Skólar þjóni atvinnulífinu.)
- Að vinna með stjórnvöldum að því að draga upp gegnsæja heildarmynd af íslenska menntakerfinu þar sem hlutverk aðila er skilgreint, sátt sé um hugtakanotkun og einfalda framsetningu.

Samtök atvinnurekenda og launafólks munu njóta góðs af skipulegra samstarfi á sviði menntamála. Markmið nást auðveldar og tilkostnaður minnkar. Ávinningurinn er ekki eingöngu atvinnurekenda og launafólks heldur einnig „viðskiptavinna“ þeirra: starfsfólks og fyrirtækja auk stjórnvalda, skóla, félaga og fyrirtækja í menntageiranum. Samskipti og boðskipti einfaldast og hlutverk skýrast.

Sjá má skýrsluna í heild á vefsetri Samtaka iðnaðarins si.is.

Ingi Bogi Bogason

Lumar þú á viðurkenningu?

Notar þú gæðakerfi?

Vinsamlegast sendið okkur ábendingu með tölvupósti ef fyrirtækið hefur hlotið viðurkenningu og/eda verðlaun af einhverju tagi og/eda ef viðkomandi notar viðurkennt eða vottað gæðakerfi í rekstrinum. Tilvalið er að birta slíkar

upplýsingar í félagatali SI, á vefjum SI sem og í prentuðu máli þar sem því verður við komið. Sendið ábendingar á brynjar@si.is.

Brynjar Ragnarsson markaðssjóri.

Íslenskir frumkvöðlar heiðraðir



F.v. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, Jón L. Arnason (Oz.com), Hilmar Ásgeirsson, (Bakkavör), Frosti Bergsson, (Opin kerfi), Gunnlaugur Sigmundsson, (Kögun), Ólafur Daðason, (GoPro-Landsteinar), Robert Wessmann, (Delta), Friðrik Skúlason, (TölvuMyndir) og Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri SI

Samtök iðnaðarins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið veittu sjö íslenskum fyrirtækjum viðurkenningu miðvikudaginn 13. júní sl. fyrir að hafa náð inn á lista yfir 500 framsæknustu frumkvöðlafyrirtæki Evrópu sem samtökin Europe's 500 veita árlega.

Samtökunum Europe's 500 var komið á fót að frumkvæði Evrópusambandsins í þeim tilgangi að efla starf frumkvöðla í Evrópu. Markmiðið er að draga fram reynslu þeirra sem bestum árangri ná og nýta hana til að búa í haginn fyrir frumkvöðla framtíðarinnar.

Starf Europe's 500 felst í því að finna framsæknustu frumkvöðlafyrirtæki Evrópu og birta árlega lista yfir 500 vaxtarmestu fyrirtækin. Valið er úr fyrirtækjum í 15 Evrópusambandslöndum og Noregi, Íslandi og Liechtenstein á grundvelli vaxtar, eignaraðildar frumkvöðuls, veltuaukningar, fjölgun starfa, stærðar og fleira.

Fyrirtækin sem voru valin á listann eru:

GoPro Landsteinar Group (hafnaði í 16. sæti sem er langbesti árangur íslenskra fyrirtækja í ár)

GoPro – Landsteinar varð stærsta hugbúnaðarfyrirtæki hér á landi með sameiningu Hugvits hf. og Landsteina í fyrra.



Starfsmenn eru orðnir um 600 og starfar um helmingur þeirra í dótturfyrirtækjum í Danmörku, Svíþjóð, Bretlandi og Þýskalandi. Bæði Hugvit og Landssteinar voru á listanum í fyrra. Ólafur Daðason, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, tók við viðurkenningunni.

Oz.com (113. sæti)

OZ er í hugum margra dæmigert fyrir fyrirtæki þar sem ungir frumkvöðlar hafa látið til sín taka. OZ er löngu landsþekkt og auðvitað helst fyrir samvinnu við sænska símarisann Ericsson. OZ er í annað sinn á listanum. Jón L. Arnason, fjármálastjóri fyrirtækisins, tók við viðurkenningunni.

TölvuMyndir (123. sæti)

TölvuMyndir hf. var stofnað árið 1986 en fyrirtækið dregur nafn sitt af markmiðum þess um að þróa og hanna grafísk upp-

lýsingakerfi. Fyrir fáeinum árum hófst ör vöxtur TölvuMynda sem enn stendur yfir. Sá vöxtur er rakinn til þess að fyrirtækið tók þá stefnu að byggja upp þekkingu á fjórum kjörsviðum og þróa og selja staðlaðar hugbúnaðarlausnir á þeim. Starfsemi TölvuMynda og dótturfyrirtækja þess fer nú fram í 6 löndum. Þetta er í þriðja sinn sem TölvuMyndir komast á lista 500 framsæknustu fyrirtækja í Evrópu og er eina íslenska fyrirtækið sem náð hefur þeim glæsilega árangri. Friðrik Sigurdsson, forstjóri fyrirtækisins, tók við viðurkenningunni

Bakkavör (127. sæti)

Bakkavör var stofnuð 1986 og eru frumkvöðlar þess fyrirtækis bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir. Fyrirtækið framleiðir og selur sjávarafurðir um allan heim og í fyrirtækjasamstæðunni eru fyrirtæki í Bretlandi, Svíþjóð, Frakklandi, Póllandi og Þýskalandi. Fyrirtækið sem er skráð á Verðbréfaþingi Íslands er skemmtilegt dæmi um nýja nálgun sem hefur skilað eftirtektarverðum árangri á hefðbundnu sviði sölu sjávarfangs. Bakkavör er í fyrsta sinn á listanum. Hilmar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins í Reykjanesbæ, tók við viðurkenningunni.

Opin kerfi (143. sæti)

Opin kerfi hf. starfa á upplýsingatækni-sviði og bjóða íslenskum fyrirtækjum og stofnunum heildarlausrir í tölvumálum, oft í samstarfi við valin hugbúnaðarfyrirtæki. Opin kerfi eru einnig umfangsmiklir fjárfestar á sviði upplýsingatækni. Opin kerfi eru í fyrsta sinn á listanum. Frosti Bergsson, stjórnarformaður fyrirtækisins, tók við viðurkenningunni.

Delta (418. sæti)

Delta hf. var stofnað árið 1981 og hefur nánast frá upphafi verið stærsti lyfjaframleiðandi á íslenska lyfjamarkaðinum. Árið 1985 færði fyrirtækið út kvíarnar og stofnaði dótturfyrirtækið Medís hf. til að annast útflutning og flytur nú út lyf til ýmissa landa. Um 70% af tekjum fyrirtækisins er aflað með sölu erlendis. Nú hefur afkastageta Delta sexfaldast eftir að nýreist lyfjaverksmiðja fyrirtækisins var tekin í notkun en hún er á heimsmaðlíkvarða. Umsvifin munu enn aukast þegar ný lyfjaverksmiðja, sem verið er að reisa, kemst í gagnið en gert er ráð fyrir að afkastageta fyrirtækisins sexfaldist með tilkomu hennar. Nýlega keypti Delta framleiðslu- og þróunarsvið Lyfjaverslunar Íslands og hefur náð samningum um að kaupa lyfjafyrirtæki á Möltu. Delta er í fyrsta sinn á listanum. Róbert Wessman, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, tók við viðurkenningunni

Kögun (449. sæti)

Kögun var stofnað árið 1988 og er þekktast fyrir hönnun og smíði Íslenska ratsjárkerfisins fyrir bandaríska herinn og vinnu sem hefur leitt af því verkefni. Meðal annarra stórverkefna sem Kögun hefur unnið að, má nefna aðlögun og uppsetningu stjórnkerfis eða Kerfisráðs Orkuveitu Reykjavíkur bæði á Nesjavöllum og fyrir dreifikerfi Orkuveitunnar í Reykjavík. Kögun hf. er í fyrsta sinn á listanum. Gunnlaugur Sigmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, tók við viðurkenningunni.

ÞÁTTUR FRUMKVÖÐLA SEINT OFMETINN

Við afhendinguna flutti Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI ávarp þar sem m.a. kom fram að frumkvæði, nýsköpun og framkvæmdavilji þeirra einstaklinga og fyrirtækja, sem verið væri að heiðra, væri atvinnulífina í landinu nauðsynlegur til að gera það öflugra, fjölbreyttara og færara um að takast á við sívaxandi og harðnandi samkeppni. Þáttur frum-

kvöðla í því að skapa störf og efla hagvöxt yrði seint ofmetinn. Þeir leituðu nýrra leiða, færðu ótroðnar slóðir og tækjust á við hið ókunna. Snjöllustu hugmyndirnar yrðu gjarnan til hjá þeim sem með opnum huga tækjust á við vandamál úr daglega lífinu og drifkrafturinn væri sá að þjóna kröfum markaðarins og nýta tækifærin sem hann býður.

Sveinn benti á að Samtök iðnaðarins og iðnaðarráðuneytið hafi nú stutt þetta starf í fimm ár en verkefni Samtakanna væri í senn að þjóna iðnfyrirtækjum og gæta hagsmuna þeirra. SI væri því dýrmætt að læra af reynslu þeirra sem skara fram úr og sjá hver eru sameiginleg einkenni þeirra. Þann lærdóm ætti að nýta til að búa íslenskum iðnaði starfsaðstöðu sem gerir hann samkeppnishæfan á innlendum og erlendum mörkuðum. Þátttaka SI í verkefninu Europe's 500 væri liður í þeirri þekkingaröflun. Sveinn sagði jafnframt að mikilvægt væri að búa atvinnulífina bestu mögulegu starfsskilyrði, ekki síst nú þegar gefur á bátinn í íslensku efnahagslífi. Það liggja í eðli málsins að atvinnurekstur á Íslandi eigi að mörgu leyti erfitt uppdráttar vegna fjarlægðar frá mörkuðum og smáðar þjóðarinnar. Þess vegna væri það okkur lífsnauðsynlegt að búa svo um hnúta að allt rekstrarumhverfi sem sé stöðugast og

jafnast á við það sem best þekktist. Þetta ætti við um marga þætti og mætti þar nefna menntamál, skattamál og stöðugan gjaldmiðil.

Sveinn lagði áherslu á að Samtök iðnaðarins hafa ákveðna stefnu í öllum þessum mikilvægu málum og telja brýnt að stjórnvöld sinni þeim af ábyrgð og festu en allt eru þetta þættir sem íslensk og erlend fyrirtæki veiga og meta þegar þau velja starfsemi sinni stað. Í alþjóðavæðingu nútímans megi ekkert út af bregða til þess að við missum ekki fyrirtækin okkar úr landi og þá er vitað að þau, sem best standa, fara fyrst.

Að lokum nefndi Sveinn að Samtök iðnaðarins væru sérstaklega stolt af því að þrjú af þessum sjö fyrirtækjum á lista Europe's 500 ættu aðild að SI, þ.e. GoPro Landsteinar Group, TölvuMyndir og Delta.

Samtök iðnaðarins óska þessum þremur félagsmönnum til hamingju með árangurinn svo og hinum fjórum íslensku fyrirtækjunum sem að þessu sinni fengu viðurkenningu fyrir að vera meðal 500 framæknuustu fyrirtækja í Evrópu árið 2000

Haraldur Dean Nelson



Stefnumót fyrirtækja á sviði heilbrigðistækni í haust

Alþjóðlegt stefnumót fyrirtækja á sviði heilbrigðistækni verður haldið á Grand Hótel í Reykjavík hinn 5. október í haust.

Þar munu íslensk fyrirtæki á sviði heilbrigðistækni eiga fundi með fyrirtækjum á sama sviði frá öðrum Evrópulöndum. Stefnumótið er kjörinn vettvangur fyrir íslensk fyrirtæki til að kynnast því sem er að gerast á evrópskum markaði og efna til samstarfs við önnur evrópsk fyrirtæki.

Dagskrá stefnumótisins er fyrst og fremst helguð fundum fyrirtækja á milli en jafnhliða fundum verða haldnar vinnustofur um málefni sem eru ofarlega á baugi í heilbrigðistækni.

Evrópumiðstöð Impru og Heilbrigðistæknivettvangur standa að stefnumótinu í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Útflutningsráð meðal annarra. Unnt er að skrá sig og afla nánari upplýsinga um stefnumótið á heimasíðunni www.impra.is/healthtec



Bökurum vel tekið í Lofoten

Landssambönd bakameistara á Norðurlöndum hafa með sér óformleg samtök sem hittast einu sinni á ári og bera saman bækur sínar. Á fundunum gera menn grein fyrir helstu verkefnum bakarasamtakanna hver í sínu landi svo og því starfsumhverfi sem greinin býr við á hverjum stað.

Á síðasta ári hófst formleg söfnun tölfræðilegra upplýsinga um starfsumhverfi bakaraíðnarinnar í löndunum þannig að hægt væri að bera saman starfsumhverfi bakaríá á Norðurlöndunum. Safnað er upplýsingum um fjölda handverksbakaríá og markaðshlutdeild þeirra (ekki er þó til nein skilgreining fyrir handverksbakarí), fjölda íbúa á hvert bakarí, mjölnotkun á hvern íbúa sem mælikvarða á brauðneyslu, launakostnað og fleira þess háttar. Þessar upplýsingar eru mjög gagnlegar og fara batnandi eftir því sem þeim er safnað

lengur og breytingar frá ári til árs koma í ljós.

Yfirleitt eru heimsótt fyrirtæki á svæðinu í tengslum við fundina, bakarí eða þjónustufyrirtæki við bakara. Fundurinn í ár var haldinn á eyjunni Svolvear í Lofoten í Norgei. Þar er ekki um mörg fyrirtæki að ræða til að heimsækja en þess í stað fengu Norðmennirnir Arne Rantzow, framkvæmdastjóra Cerealia og Cerealia Mills til að segja frá starfsemi og stefnu fyrirtækisins. Cerealia er langstærsti hveitiframleiðandi á Norðurlöndum og hefur verið að færa mjög út kvíarnar á síðustu árum. Stærsta markaðssvæði þeirra er Norðurlönd en einnig hafa þeir stundað landvinnu í Eyrstrasaltlöndum og Norður-Þýskalandi síðustu ár. Fyrirtækið rekur tvær stórar myllur í Lettlandi og flytur mikið þaðan til Eistlands. Markaðurinn í Litháen er hins vegar mjög ólíkur þeim eistneska en verkefni síðari hluta þessa árs

er að kortleggja þann markað til að geta aukið viðskiptin.

Auk þess að reka hveitimyllur um öll Norðurlönd, í Eyrstrasaltlöndum og Norður-Þýskalandi reka þeir einnig eigin verksmiðjubakarí, þ.á.m. Hatting verksmiðjurnar og eru því að segja má í samkeppni við helstu viðskiptavinina sína sem eru bakarar. Tveir þriðju hlutar af hveitisölu fyrirtækisins eru til bakara en þriðjungur til eigin bakaríá. Markaður fyrir tilbúna bökunarvörur teygir sig mun víðar en til Norður-Evrópu og m.a. seldi Cerealia brauð til Japans fyrir um 300 milljónir íslenskra króna á síðasta ári og gert er ráð fyrir að sá markaður fari ört vaxandi.

Næsti fundur norrænu samtakanna verður haldinn hér á Íslandi, að öllum líkindum í byrjun september á næsta ári.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu

Menntamálaráðherra hefur, skv. bréfi til Vilmundar Jósefssonar formanns SI, fallist á að skipa vinnuhóp til að vinna tillögur um fyrirkomulag fjárhagslegar ábyrgðar á vinnustaðakennslu og óskað eftir tilnefningum í hópinn. SI hafa tilnefnt Gylfa Einarsson og Inga Boga Bogason sem aðalmenn SI í vinnuhópinn og Guðbrand Magnússon og Ingólf Sverrisson varamenn.

Samkvæmt bréfi menntamálaráðherra er

vinnuhópnum ætlað eftirfarandi hlutverk:

- „a) skilgreina viðfangsefnið nánar og gera tillögur um þá meginþætti málsins sem nauðsynlegt er að ráðuneytið og SI fjalli um sameiginlega og
- b) þegar náðst hefur niðurstaða í þeim hluta, sem fellur undir a-lið og aðilar samþykkja, verði hópnum falið að gera tillögur um leiðir til að koma þeim þáttum í framkvæmd sem aðilar eru sammála um.“

Samtök iðnaðarins eiga von á því að



starfshópurinn verði skipaður formlega á næstu dögum og geti þá hafist handa.

(Sjá nánar skýrsluna „Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu“ á vefsetrinu si.is).

Ingí Boga Bogason

Ný neytendavæn lög um þjónustukaup

Hinn 1. júní sl. tóku gildi lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Lögin fjalla um neytendavernd þegar þjónusta er keypt og voru nýmæli í löggjöf hér á landi þegar þau voru samþykkt á Alþingi vorið 2000.

Lögin taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

- vinnu við lausafjármuni
- vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingafrankvæmda eða aðrar frankvæmdir á landi og ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við þær
- geymslu á lausafjármunum

Lögin eiga þó ekki við t.d. um smíði á hlut þegar sá á að leggja til efnið sem hlutinn býr til og um er að ræða kaup í skilningi laganna um lausafjárkaup sem einnig tóku gildi þann 1. júní.

Rétt er að nefna nokkur atriði sem seljendur þjónustu þurfa að hafa í huga eftir gildistöku þessara laga:

Stutt er við ákvæði iðnaðarlaga um að einungis meistarar, sveinar og nemendur í löggiltum iðngreinum geti starfað í viðkomandi iðngreinum því að í lögnum segir að útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skuli ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti.

Seljandi þjónustu leggur fram nauðsynleg efni og aðföng nema um annað sé sérstaklega samið.

Seljandi þjónustu skal, að skoðun lokinni, leiðbeina neytanda um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu séu óhagkvæm fyrir hann m.t.t. kostnaðar við verkið og verðgildi hlutarins.

Hafi seljandi þjónustu látið neytanda í té verðáætlun má verðið ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun án sérstaks samþykkis neytanda. Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða almennt endurgjald sem telst vera sanngjarnt með hliðsjón af því hver mikil vinnan er og hvers eðlis. Öll opinber gjöld skulu innifalín í tilgreindu verði.

Seldri þjónustu skal lokið á umsömdum tíma. Ef ekki hefur verið samið um tiltekin verklok telst afhending hafa dregist ef sel-

jandi þjónustu skilar ekki af sér innan sanngjarns frests eftir að krafa um það kemur fram frá neytanda.

Þjónusta seljanda telst gölluð ef árangur af verki stenst ekki samning og kröfur laga. Ef verk er gallað getur neytandi rift samningi, krafist úrbóta eða eftir atvikum skaðabóta eða afsláttar af verði.

Hafi hlutur verið afhentur seljanda þjónustu en neytandi sækir hlutinn ekki á réttum tíma skal seljandi þjónustu annast hlutinn á kostnað neytandans. Hafi neytandi verið varaður við er seljanda þjónustu heimilt að selja hlutinn eða fleygja honum ef kostnaður við sölu er meiri en nemur söluverði hlutarins.

Að lokum er rétt að geta þess að samkvæmt þessum lögum getur neytandi, sem ekki kvartar innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu, ekki síðar borið gallann fyrir sig nema seljandi þjónustu hafi brotið gegn almennum viðskiptaháttum eða á annan hátt sýnt af sér vítavert gáleysi.

Samkvæmt lögnum skal viðskiptaráðherra skipa þriggja manna kerunefnd

lausafjár- og þjónustukaupa sem starfa skal frá gildistöku laganna og út árið 2005.

Kostnaður af störfum nefndarinnar er greiddur úr ríkissjóði. Greini aðila að þjónustukaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögnum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kerunefndar og óskað eftir álitgerð hennar um keruefnið.

Að framan eru talin upp helstu atriði laganna sem snerta félagsmenn SI. Hins vegar eru lögin 40 greinar og ekki unnt að gera grein fyrir öllum efnisatriðum þeirra í stuttu máli. Hér er því ekki um tæmandi upptalningu að ræða.

Félagsmönnum SI er sérstaklega bent á að nú er nauðsynlegt að skrá niður sem flest efnisatriði um hvað á að framkvæma, hvenær því skal lokið og hvernig greiðslum skuli háttáð. Í því skyni hefur verið útbúið eyðublað sem er að finna á vefsetri Samtakanna si.is.

Allar nánari upplýsingar um þessi nýju lög og önnur atriði, sem að þeim snúa, veitir Ólafur Helgi Árnason í síma 511 5555 eða á netfangið olafurh@si.is.

Ný og endurbætt útgáfa

Með fyrstu útgáfu Taxta í árslok 1999 var mætt þörf fyrir tækja innan SI á aðgengilegu forriti til að reikna útsölu- og vélataxta eftir eigin rekstrarforsendum.

Viðtökur voru mjög góðar og komu fram óskir um að halda áfram á sömu braut, þróa kostnaðarlíkanið, laga að breyttum aðstæðum og nýta nýjungar tölvutækninnar á hverjum tíma til fulls. Í vor gerðu Samtökin samning við Kerfisþróun ehf. um þróun næstu útgáfu og er því verki nú lokið. Komin er ný kynslóð kostnaðarlíkansins undir heitinu Taxi II sem forrituð er í Windows.

Taxi II er þjálfi í notkun og gefur notendum fleiri möguleika en sú fyrri. Meðal annars er útprentun auðveldari og hægt er að flytja gögn yfir í önnur Windows forrit til frekari úrvinnslu s.s. Word og Excel. Þá hafa töflur um launatengdan kostnað verið uppfærðar til sam-



ræmis við nýja kjarasamninga.

Nýja útgáfan stendur félagsmönnum til boða á vægu verði en þeir sem hafa eldri útgáfuna geta fengið Taxta II án endurgjalds. Samtök iðnaðarins vona að Taxi II hljóti jafngóðar viðtökur félagsmanna og fyrri útgáfan og komi þeim að góðu haldi í daglegum rekstri.

Ráðstefna um skautsmiðjur framtíðarinnar

MÁLMGARÐUR, sem er vettvangur framleiðenda og úrvinnsluaðila á sviði léttmálma, undirbýr um þessar mundir alþjóðlega ráðstefnu um skautsmiðjur framtíðarinnar sem haldin verður hér á landi í haust í samstarfi við DMG media í Englandi.

Endurnýjun og viðhald rafskauta í áliðnaði er eitt af viðamestu verkefnum í þeirri grein. Þess vegna skiptir miklu að vel sé staðið að öllu skipulagi og framkvæmd þessa mikilvæga þáttar rekstursins. Þetta er í fyrsta skipti sem efnt er til slíkrar



alþjóðlegrar ráðstefnu. Ætlunin er að hún verði sú fyrsta í röð slíkra enda mikil þörf á að fjalla ítarlega um hvernig staðið verður að skautsmiðjum framtíðarinnar og stuðla með því að framförum á þessu sviði.

Margt bendir til að á næstu árum verði mikil uppbygging á frumframleiðslu léttmálma (áls og magnesíums) hér á landi og því eðlilegt og æskilegt að alþjóðleg umfjöllun um þennan þýðingarmikla þátt slíkrar framleiðslu hefjist hér.

Ingólfur Sverrisson

Matvæladagur MNÍ 2001

Tilnefningar til Fjöreggs MNÍ

Matvæladagur Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands (MNÍ) verður haldinn í níunda sinn 19. október. Eins og áður verður dagurinn ráðstefnuformi og verður nú helgaður matvælum og pólitík. Fagfólk og aðrir, sem áhuga hafa á matvælum og manndismálum, hafa um árabíl sýnt þessu framtaki MNÍ mikinn áhuga.



fagaðila metur tilnefningar og skal þeim ásamt rökstuðningi og sýnishornum, þegar það á við, koma á framfæri við undirbúningsnefndina. Í henni eiga sæti:

Baldvin Valgarðsson, Hollustuvernd ríkisins – 585 1000/baldvin@hollver.is
Grímur Ólafsson, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur – 588 3022/grimuro@rvk.is
Þóra Dögg Jörundsóttir, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins – 562 0240/thora@rf.is

Áður hafa eftirtaldir aðilar hlotið fjöreggið:

- 1993 Emmessís fyrir „Ísnál“
- 1994 Mjólkursamsalan í Reykjavík fyrir „Fjörmjólk“
- 1995 Manneldisráð Íslands fyrir útgáfu fræðsluefnis um manndismál
- 1996 Sláturfélag Suðurlands fyrir vörubrúun
- 1997 Lýsi hf fyrir „Krackalýsi“
- 1998 Útgerðarfélag Akureyringa fyrir fullvinnslu á lífrænum úrgangi
- 1999 Svínaræktarfélag Íslands fyrir aukin gæði og lækkað verð á svínakjöti
- 2000 Mjólkursamlag KEA fyrir „KEA skyr“

Ragnheiður Héðinsdóttir

Á matvæladaginn eru veitt verðlaun, „Fjöregg MNÍ“, fyrir lofsvert framtak á matvælasviði. „Fjöreggið“, sem er íslenskt glerlistaverk, er veitt með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins.

Matvælaframleiðendur og aðrir eru eindregið hvattir til að tilnefna til verðlaunanna hvað sem þeim þykir hafa skarað fram úr á sl. ári. Þriggja manna dómnefnd

Aðalfundur Kælitæknefélags Íslands

Kælitæknefélags Íslands hélt nýlega aðalfund sinn. Félagið var stofnað 1988 og markmið þess er að auka þekkingu á sviði kælitækni, miðla reynslu og auka samvinnu þeirra sem vinna við kælitækni.

Í félaginu eru fagmenn á þessu sviði, tæknimenn og aðrir sérfræðingar um kælitækni. Félagið tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi, einkum með öðrum Norðurlandþjóðum. Fyrir þremur árum stóð Kælitæknefélagið fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um kælitækni hér á landi og tókst einstaklega vel til með alla framkvæmd hennar.

Á aðalfundinum fóru fram ágætar umræður um það sem helst er að gerast í greininni og voru fræðslumál ofarlega á baugi svo og alþjóðlegar kröfur um meðferð og förgun kælimiðla. Mikill hugur var í mönnum að efla félagið og stuðla að framförum á öllum sviðum kælitækninnar hér á landi.

Núverandi stjórn Kælitæknefélags Íslands skipa eftirtaldir: Gísli F. Þorsteinsson, formaður, Hermann Vilmundarson, Jón Egilsson, Jón Torfason, María J. Gunnarsdóttir, Sigurjón Arason og Sævar Árnason.

Ingólfur Sverrisson